

37 Jafnframt eru úr gildi felld öll áður útgefin leyfi, sem fela í sér annan lokunar-  
23. febr. tíma sölubúða í Miðneshreppi, en um getur í samþykkt þessari.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1948.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

38 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og verðlaunasjóð dr.  
26. febr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af  
dómsmálaráðherra 26. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærisveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20000.00.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna beztu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af árlegum vöxtum. Minnst  $\frac{1}{4}$  hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðal-einkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýzku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýzku, skiptast verðlaunin milli þeirra.

4. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur kr. 500.00, skal veita tvönn verðlaun. Önnur verðlaunin, kr. 500.00, skulu veitt eins og segir í 3. gr., en hin verðlaunin, það sem umfram er kr. 500.00 upp í kr. 1000.00, skulu veitt þeim nemanda Menntaskólans, sem hæsta aðaleinkunn hlýtur við vorpróf í skólanum. Hafi tveir eða fleiri nemendur jafnháar hæstu einkunnir, sker einkunn í þýzku úr um, hver nemandinn hlýtur verðlaunin — sbr. 3. gr. —, en skeri þýzku einkunn ekki úr, eða nemandur hafi ekki haft þýzku til prófs, skiptast þau verðlaun.

5. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur yfir kr. 1000.00, skal veita þrenn verðlaun. Veitast tvönn þeirra eins og að framan greinir, en þriðju verðlaunin, það sem umfram er kr. 1000.00 upp í kr. 1500.00, skulu veitt stúdent, sem bezt er að sér í þýzkri

tungu að dómi þess kennara, er kennir þýzku til stúdentsprófs, enda hafi sá stúdent **38**  
jafnháa eða hærri einkunn í þýzku til stúdentsprófs og nokkur annar stúdent frá **26. febr.**  
skólanum það sinn.

## 6. gr.

Öll verðlaun, sem veitt eru, skulu ávallt standa á heilum tug króna.

## 7. gr.

Þegar  $\frac{3}{4}$  hlutar vaxta sjóðsins nema árlega meiru en kr. 1500.00, þá hækka öll hin greindu verðlaun jafnt. Farið getur svo, að sami stúdent hljóti öll þrenn verðlaunin, en einstökum aðila má þó aldrei veita hærri verðlaun en kr. 5000.00. Ef um hærri upphæð væri að ræða til verðlauna, skal fjölga verðlaunum eftir sömu reglum og að framan greinir, einungis væri þá um að ræða þá, er hefðu næst hæstu prófeinkunnir, og svo koll af kolli.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá rektor Menntaskólans, en sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í bréfum Veðdeildar Landsbanka Íslands eða öðrum jafngóðum ríkistrygðum verðbréfum, sé eigi vöð veðdeildarbréfa. Skal færð bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans. Reikningsárið sé almanaksárið, og skal rektor árlega birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslum Menntaskólans í Reykjavík, og skal þar einnig greint, hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár og hve mikið. Endurskoðun sjóðsins skal vera með sama hætti og annarra sjóða, er hlíta stjórn rektors.

## 9. gr.

Telji rektor Menntaskólans og meiri hluti kennara skólans heppilegt að breyta skipulagsskrá þessari þannig, að verðlauna beri beztu frammistöður við stúdentspróf í einstökum námsgreinum, frekar heldur en fjölga verðlaunum samkv. síðustu málsgrein 7. gr., skal það heimilt. Sama gildir og, ef þýzkukennsla til stúdentsprófs yrði lögð niður. Þó má aldrei breyta skipulagsskránni þannig, að tilgangi sjóðsins verði í nokkru breytt.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Borgarness.

39

25. febr.

## A. Stjórn og rekstur.

## 1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Borgarness er fyrirtæki, sem Borgarneshreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kaupúnið og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Borgarneshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Borgarness og hafa sérstakt reikningshald.